

Reykjavík 05.12.2019



Til:

Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur

Vegna:

Klifurfélags Reykjavíkur – Beiðni um aðstoð við að komast í betra húsnæði

Leigusamningur um húsnæðið við Ármúla rennur út í júní árið 2023 og því er ljóst að finna þarf annað og hentugra húsnæði undir starfsemina. Eigendur húsnæðisins hafa önnur áform um nýtingu.

Það er mat stjórnar Klifufélags Reykjavíkur að stærð húsnæðisins komi jafnframt í veg fyrir alla frekari uppbyggingu félagsins og í leiðinni framgang íþróttarinnar á Íslandi.

Klifurfélag Reykjavíkur óskar því eftir aðstoð frá ÍTR og ÍBR við að koma starfseminni í stærra og hentugra húsnæði.

Við vonum innilega að hægt sé að koma þessum málum í farveg sem allra fyrst.

Með kveðju,

Stjórn Klifurfélags Reykjavíkur.



Borgarráð

Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 - forgangsröðun við uppbyggingu mannvirkja

Lagt er til að borgarráð samþykki að sú forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í hjálögðu skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Eftir atvikum verði tillögur að frekari útfærslu, samninga eða málsmeðferð varðandi einstök verkefni lögð fyrir borgarráð.

Greinargerð

Á fundi borgarstjórnar 21. apríl 2020 var samþykkt stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030. Í henni fólust viðmið sem nýta ætti við forgangsröðun fjárfestinga og framkvæmda í íþróttamálum. Á fundi borgarráðs 7. maí 2020 var samþykkt tillaga borgarstjóra dags. 4. maí 2020 að stýrihópi um stefnu í íþróttamálum verði falið að starfa áfram og veita umsögn um forgangsröðun um uppbyggingu íþróttamannvirkja til undirbúnings fjárfestingaráætlunar til næstu tíu ára. Umsögnin liggur nú fyrir.

Verkefnin voru metin út frá fjárhagslegum og félagslegum forsendum eins og fram kemur í skilabréfi stýrihópsins. Verkefni sem metin voru komu fram í erindisbréfi hópsins. Önnur verkefni voru ekki metin. Komi önnur verkefni fram á síðari stigum eða ef forsendur breytast kann það að hafa áhrif á forgangsröðun síðar meir.

Ákveðið var að taka til hliðar minniháttar fjárfestingar (undir 100 mkr.). Verkefni sem fyrst og fremst snúa að uppbyggingu áhorfendaaðstöðu röðuðust neðarlega í mati hópsins og er því ekki að finna á forgangslistanum. Það á einnig við um verkefni sem teljast þjóðarleikvangar. Þá voru verkefni sem útilokuðu hvert annað sameinuð og einungis sú útfærsla sem hæst skoraði metin.

Verði af þátttöku Reykjavíkurborgar í þjóðarleikvangaverkefnum er það mat hópsins að borgin eigi að leggja áherslu á að hugsanleg aðkoma borgarinnar taki mið af sömu markmiðum og horft var til við forgangsröðun íþróttamannvirkja: Að tryggja æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir börn, unglinga, almenning og afreksfólk, eða þau geti nýst í skólastarfi.

Að öðru leyti vísast til umfjöllunar hópsins varðandi einstök verkefni. Þá vekur hópurinn sérstaka athygli á að aðstaða fyrir íþróttir á borð við fimleika, dans, bardagaíþróttir, rafíþróttir oph sem staðsett væri í miðbænum myndi skora mjög hátt á félagslegum mælikvarða, en að slíkar óskir hafi ekki verið settar fram af hálfu íþróttafélaga.

Eðlilegt er að taka mið af öllum ofangreindum sjónarmið og öðrum atriðum sem fram kom í

umfjöllun hópsins við undirbúning tillagna, útfærslu eða samningagerð í tengslum við þau forgangsverkefni sem fjallað er um af hálfu hópsins.

Gert verður ráð fyrir að skilagrein stýrihópsins verði lögð fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og stjórn ÍBR til frekari umfjöllunar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skilabréf stýrihóps um forgangsstöðun við uppbyggingu mannvirkja, dags. 29. júní 2020

Skilabréf stýrihóps um forgangsröðun við uppbyggingu mannvirkja

vegna stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030

Niðurstaða

Forgangsröðun verkefna:

Röðun	Verkefni	Kostnaður
1	Stækkun á fimleikahúsi - Fylkir	500
2	Íþróttahús í Laugardal	2.500
3	Gervigrasvellir í Laugardal	600
4	Fimleikahús - Breiðholt	2.000
5	Fjölnota knatthús KR	1.200
6	Skautahöll viðbygging	1.000
7	Keilusalur	400
8	Fylkisvegur endurbætur	300
9	Tennishús í Laugardal	1.500
10	Aðstaða fyrir jaðariþróttir	600
11	Frjálsíþróttavöllur í Laugardal	800
12	Siglingaaðstaða	200
13	Knatthús (1/2) - Valur	1.200
14	Knatthús (1/2) - Fram	700
15	Íþróttahús KR	2.000
16	Víkin endurbætur	1.800
17	Knatthús (1/2) - Leiknir	900
18	Íþróttahús – Valur	2.500

Umræður

Verkefnin voru metin út frá fjárhagslegum og félagslegum forsendum líkt og nánar verður lýst hér að neðan. Verkefni sem metin voru komu fram í erindisbréfi hópsins. Önnur verkefni voru ekki metin. Komi önnur verkefni fram á síðari stigum eða ef forsendur breytast kann það að hafa áhrif á forgangsröðun síðar meir.

Ákveðið var að taka til hliðar minniháttar fjárfestingar (undir 100 mkr.) og verkefni sem fyrst og fremst snúa að uppbyggingu áhorfendaaðstöðu, sér í lagi þjóðarleikvanga. Þá voru verkefni sem útilokuðu hvert annað sameinuð og einungis sú útfærsla sem hæst skoraði metin.

Verði af þátttöku Reykjavíkurborgar í þjóðarleikvangaverkefnum er það mat hópsins að borgin eigi að leggja áherslu á að tryggja æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir börn, unglinga, almenning og afreksfólk, eða þau geti nýst í skólastarfi. Mörg þessara verkefna eru umfangsmikil og kostnaðarsöm. Unnt er að uppfylla mikið af óskum íþróttafélaga um uppbyggingu æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir sambærilegar fjárhæðir.

Lýsing á þeim verkefnum sem skoruðu hæst

Stækkun á fimleikahúsi Fylkis

Fram hafa komið hugmyndir um stækkun á Fimleikaaðstöðu Fylkis við Helluvað. Verkefnið styður við vinsæla íþrótt í hverfinu og nálægum hverfum og styður við fjölgun greina og þar með fjölgun iðkenda í íþróttastarfi barna og unglunga í hverfinu.

Íþróttahús í Laugardal

Þau verkefni sem sneru að uppbyggingu aðstöðu fyrir inniboltagreinar (handbolta, körfubolta, blak ofl.) í Laugardalnum skoruðu hátt þegar kemur að samfélagslegum áhrifum. Hér er um að ræða vinsælar greinar í fjölmennu hverfi. Laugardalshöllin hefur verið nýtt undir landsleiki eða óíþróttatengda viðburði. Úr þessu mætti bæta með íþróttahúsi fyrir Prótt/Ármann eða með þjóðarleikvangi fyrir inniþróttir. Tekið skal fram að forsenda fyrir þessu háa skori er að mannvirkin nýtist jafnt iðkendum félaganna sem og í skólastarfi. Aðstöðu fyrir íþróttakennslu skólanna er ábótavant í dag.

Fyrir liggur að þörf er á bættri aðstöðu fyrir landsleiki í handbolta og körfubolta. Þar er fyrst og fremst átt við möguleika á fleiri áhorfendum en einnig ýmislegt annað í umgjörð leikja sem erfitt er að uppfylla í núverandi aðstöðu í Laugardalshöll. Hópurinn telur að ríkið þurfi að koma að þeim verkefnum. Best væri að slíkt væri í formi leigu fyrir afnot sérsambanda. Mikilvægt er að afnot sérsambanda, leikir eða æfingar, hafi ekki áhrif á æfingar íþróttafélaga. Nú eru að störfum þrír vinnuhópar um þjóðarleikvanga sem eiga að skila niðurstöðum á næstunni. Mikilvægt er að fá þær niðurstöður til að meta hvernig aðkoma einstakra sveitarfélaga getur verið.

Gervigrasvellir í Laugardal

Fram hafa komið fram hugmyndir um lagningu gervigrass á æfingaaðstöðu Próttar í Laugardal. Verkefnið felur í sé bættu aðstöðu fyrir iðkendur í vinsælli grein í fjölmennu hverfi sem skorar hátt í fjárhagslegu og félagslegu tilliti.

Fimleikahús í Breiðholti

Uppi hafa verið hugmyndir um uppbyggingu fimleikaaðstöðu á vegum ÍR. Þar yrði til aðstaða í vinsælli grein í hverfi þar sem notkun á frístundakortinu er minni en annars staðar. Verkefnið skorar því hátt félagslega. Til að auka jákvæð félagsleg áhrif verkefnisins er mælt með að húsið verði byggt í Efra-Breiðholti og hýsi jafnframt aðstöðu fyrir fleiri greinar á borð við dans, bardagaíþróttir eða rafíþróttir. Fimleikaaðstaða verði fyrst um sinn hugsuð fyrir grunnþjálfun yngri barna.

Fjölnota knattús KR

Fram hafa komið hugmyndir um byggingu háls knattúss við Frostaskjól. Með því móti er unnt að færa æfingar yngstu flokka úr parkethúsum og skapa þannig rými fyrir fjölgun iðkenda og að fjölga íþróttagreinum í hverfinu. Markmiðið með þessu húsi er líka að hýsa grunnþjálfun í frjálsíþróttum. Sjá má fyrir sér möguleika á æfingum í öðrum greinum svo sem golfi og almenningsgreinum.

Viðhaldsverkefni

Í vinnu stýrihópsins var ákveðið að einblína á ný verkefni og fjáfestingarverkefni. Þó er ljóst að mikilvægt er að viðhald á núverandi mannvirkjum íþróttafélaganna verði komið í skipulegan farveg til að koma í veg fyrir að mannvirki skemmist og kostnaður fari þar með úr öllu valdi. Dæmi um það eru brýn viðhaldsverkefni hjá Víkingi og Fylki.

Ábending frá hópnum

Ekki komu fram sérstakar óskir af hálfu íþróttafélaga um aðstöðu fyrir íþróttir á borð við fimleika, dans, bardagaíþróttir, rafíþróttir oþh. sem staðsett væri í miðbænum. Stýrihópurinn bendir þó á að slíkt verkefni myndi skora mjög hátt á félagslegum mælikvarða ef til þess kæmi að það yrði metið með sama hætti og önnur verkefni. Slíkt verkefni myndi auka fjölbreytileika greina innan hverfis þar sem notkun á frístundakortinu er hlutfallslega lág.

Aðferðarfræði

Notast var við IPF (e. Infrastructure Prioritisation Framework) aðferðina við forgangsöröðun mannvirkjana. Verkefnum var forgangsraðað eftir fjárhagslegu skori og félagslegu skori. Í endanlegri forgangsöröðun verkefna var félagslegt skor látið vega 75% en fjárhagslegt skor 25%.

Fjárhagslegslegt skor verkefna var byggt á árlegum nettó rekstarkostnaði borgarinnar vegna tiltekins mannvirkis. Tekið var tillit til stofnkostnaðar, leigukostnaðar, rekstarkostnaðar, einskiptistekna og áætlaðra tekna. Stofnkostnaður var metinn af sérfræðingum ÍTR og ÍBR. Jafnframt voru verkefni sem byggðu fyrst og fremst á leigusamningum samræmd við önnur þannig að skuldbinding vegna leigukostnaðar var metin líkt og um stofnkostnað væri að ræða. Lokaniðurstöðunni var raðað á skalann 0-100. Þar sem verkefni með minnstan nettó rekstarkostnað fengu 100 en verkefni með mestan nettó rekstarkostnað 0.

Félagslegt skor byggði á eftirfarandi þáttum:

(30%) Fjöldi væntanlegra daglegra notenda mannvirkis.

(30%) Fjöldi notenda í íþróttagrein í hverfi eða á markaðssvæði mannvirkis.

(40%) Aðrir þættir: Alþjóðlegar kröfur, áhersla á jafnrétti, fjölbreytni og umhverfispætti, sér í lagi tengsl við góðar og vistvænar samgöngur.

Tölur yfir fjölda notenda voru fengnar frá félögum, og sannreyndar með gögnum úr gagnagrunnum ÍTR og ÍBR.

Tölur um markaðssvæði voru fengnar úr gagnagrunni borgarinnar. Að jafnaði var reiknað með að mannvirki nýttist fyrst og fremst í viðkomandi hverfi nema þegar sambærilegt mannvirki var ekki til staðar í nálægum hverfum eða um mannvirki fyrir sérgrein var að ræða. Iðkendur í öðrum hverfum fengu þó lægra vægi enda sýna tölur um notkun frístundakortsins að nálægð við mannvirkið skiptir máli þegar kemur að nýtingu þess. Tekið var mið af þátttakendagrunni ólíkra greina út frá tölum frá ÍBR.

Aðrir þættir byggðu á einkunnagjöf og mati stýrihóps. Þeir byggðu á þremur þáttum. Fyrst voru gefin stig fyrir tegund aðstöðu. Gefin voru 1 stig fyrir æfingaðstöðu, 2 fyrir keppnisaðstöðu. Þá voru gefin stig á bilinu 1-3 eftir því hve vel mannvirkið var talið auka fjölbreytni í íþróttavali hverfisins, stuðla að jafnræði milli hverfa og styðja við jafnrétti.

Loks voru gefin 1-3 stig eftir því hve líklegt var talið að verulegur hluti iðkenda gæti heimsótt mannvirkið með umhverfisvænum hætti. Þau mannvirki sem skoruðu hæst á þeim kvarða lágu við meginæðar strætó, nálægt hverfiskjörnum og á svæði þar sem líklegt er að hátt hlutfall ferða væru farnar með umhverfisvænum hætti.

Vinna hópsins

Eftirfarandi sátu í hópnum:

Pawel Bartoszek MÍT, formaður

Katrín Atladóttir MÍT

Hjálmar Sveinsson MÍT

Ingvar Sverrisson ÍBR

Guðrún Ósk Jakobsdóttir ÍBR

Með hópnum störfuðu:

Ómar Einarsson ÍTR

Steinþór Einarsson ÍTR

Helga Björnsdóttir ÍTR

Frímann Ari Fendinandsson ÍBR


Stýrihópurinn hélt 8 fundi á tímabilinu. Sendir voru út spurningarlistar til hluta þeirra aðila sem áttu verkefni á listanum og hluti þeirra var boðaður á fund stýrihópsins til að svara nánari spurningum um verkefnin.

Forgangsöðunarlíkanið byggði á vinnu sem ráðgjafarfyrirtækið Intellecta vann fyrir stýrihópinn í tengslum við vinnu við nýja Íþróttastefnu Reykjavíkur til ársins 2030.

Lokaorð

Stýrihópurinn leggur til að sú forgangsröðun sem lýst er í kaflanum „Niðurstöður“ verði nýtt við gerð fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Taka þarf mið af mismunandi flækjustigi og undirbúningstíma verkefna sem gæti þýtt að sum verkefni hæfist fyrir þótt þau skori hlutfallslega lægra en önnur. Stýrihópurinn telur jafnframt farsælt að halda áfram að þróa forgangsröðunarlíkanið í samvinnu ÍBR og ÍTR og nota það við endurskoðun á fjárfestingaráætlun borgarinnar ár hvert.

Reykjavík 29. júní 2020.




Pawel Bartoszek MÍT, formaður




Katrín Atladóttir MÍT



Ingvar Sverrisson ÍBR



Hjálmar Sveinsson MÍT



Guðrún Ósk Jakobsdóttir ÍBR

Jaðaríþróttamiðstöð í Reykjavík



Íþróttabandalag Reykjavíkur

Nóvember 2020

Inngangur

Fyrr á árinu skilaði starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar tillögum varðandi forgangsörðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni samhliða stefnu Reykjavíkur í íþróttamálum til ársins 2030. Hluti af þeirri vinnu var rekstrarúttekt á íþróttafélögum og fjárhagslegu umhverfi þeirra félaga sem njóta styrkja frá borginni ásamt yfirliti um fjárfestingu í núverandi íþróttamannvirkjum. Unnar voru tillögur að framtíðarsýn og aðgerðaráætlun út frá lykilmarkmiðum um að jafna aðstöðu til þátttöku, með áherslu á að jafna aðstöðumun, m.a. með tilliti til kyns, efnahagslegrar stöðu, mikilvægi hreyfingar fyrir alla aldurshópa og um öflugt íþróttastarf um alla borg.

Í skilagrein var fjallað um áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja og var eitt af þeim verkefnum sem hópurinn vann með, hugmynd um sameiginlega aðstöðu fyrir jaðaríþróttir. Í slíkri jaðaríþróttamiðstöð gætu mörg sérgreinafélög átt sameiginlegt heimili og aðstöðu. Með sameiginlegri aðstöðu væri hægt að uppfylla þarfir hvers félags betur ásamt því að samnýta aðstöðu eins og móttöku, búningaaðstöðu, salerni, skrifstofuaðstöðu, fundaraðstöðu o.fl.

Eins og staðan er í dag er aðstaða fyrir jaðaríþróttir bágborin á við hinar hefðbundnu íþróttagreinar. Í einstaka tilfellum er ekki hægt að fastsetja neina aðstöðu sem félagið hefur á að skipa og oftast nær er um tímabundin úrræði að ræða með tilheyrandi raski. Ljós er að öll þau félög sem um ræðir búa nú við annað hvort, nema hvort tveggja sé, þröngan kost eða eru á hrakhólum með sitt húsnæði á næstu 24 mánuðum þar sem leigusamningar eru að renna sitt skeið.

Í þessari samantekt er reynt að varpa ljósi á stöðu jaðaríþróttafélaga og jaðaríþróttagreina eins og hún er í dag, benda á þarfir þeirra til framtíðar og sýna möguleika á leiðum til að leysa þær.

Jaðaríþróttir

Jaðaríþróttum hefur vaxið ásmegin undanfarin ár og skipa sífellt stærri sess í hugum almennings. Þróunin hefur verið mjög jákvæð undanfarin ár og vöxtur iðkenda af öllum aldurshópum hvatt félögin til að gera betur.

Margar þessara íþróttagreina hafa sótt um og verið tekin inni Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands á undanförunum árum, sem hefur kallað á aukin gæði í þjálfun og markið sett á frekari afreksstefnu sem hluta af uppbyggingu íþróttarinnar. En með stofnun sérsambanda hafa þessar greinar orðið hluti af heildarsamtökum íþróttahreyfingarinnar hér á landi sem er stórt skref fyrir mörg þeirra félaga sem leggja stund á þær greinar.

Það má með sanni segja að jaðaríþróttir hér á landi haf fylgt eftir þeirri þróun sem hefur verið á heimsvísu en að við séum 20 árum á eftir er kemur að uppbyggingu og þróun. Sú mikla lyftistöng sem þessar greinar hafa hlotið á undanförunum árum má einnig rekja til þess að jaðaríþróttir eru nú sumar hverjar orðnar hluti af Ólympíuleikunum sem hefur aukið ennfrekar á vinsældir þeirra.

Það má ugglaut halda því fram að sá vöxtur og virðing sem þessar íþróttir hafa fengið á undanförunum áratugum hefur að einhverju leyti afmáð þann jaðarsetta stimpil sem íþróttirnar hafa fengið á sig í gegnum tíðina. Það hefur reynst mikið súrefni fyrir félögin hér heima og verið drifkraftur endurbóta og mikils uppbyggingarstarfs. Nú er svo komið að við erum með aðra, og jafnvel þriðju, kynslóð iðkenda sem hafa lagt brautina og grunn sem byggður er á.


Jaðaríþróttir styðja við innihald framtíðarsýnar borgarinnar og uppfylla skilgreindar stefnuáherslur þess mjög vel. Þær ýta undir og efla þátttöku almennings í íþróttum með fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi þar sem börn og unglingar hafa tækifæri til að þroskast ásamt því að uppfylla hreyfingu og líkamsrækt á öllum æviskeiðum. Jaðaríþróttir spila þar skemmtilegt hlutverk þar sem oft á tíðum er um fjölskylduþrótt að ræða og sjá má kynslóðir etja kappi saman. Framúrskarandi keppnis- og afreksfólk, veitir síðan framtíðarkynslóðum einnig hvatningu til íþróttaiðkunar.

Sameiginleg aðstaða

Til að uppfylla lykilmarkmið stefnumótunarvinnunar voru sett mælanleg markmið um uppbyggingu mannvirkja ásamt stöðu allra íþróttafélaga í Reykjavík. Er þar kveðið á um uppbyggingu og rekstur hagkvæmrar aðstöðu til íþróttaiðkunar og hreyfingar, sem hentar vel þörfum hverju sinni til að geta haldið úti faglegu starfi íþróttafélaganna. Markmiðið er að tímanýting íþróttahúsa á tímanum 8-22 á virkum dögum verði amk. 70%. Hagkvæmt rekstrarform næst með samvinnu við aðra um nýtingu mannvirkja. Því hafa Reykjavíkurborg og ÍBR hvatt íþróttafélög til samstafs og/eða sameiningar til að styrkja og bæta þjónustu gagnvart íbúum.

Með því að ráðast í uppbyggingu á sameiginlegri íþróttaaðstöðu fyrir jaðaríþróttir má ná töluverðum samlegðaráhrifum og samstarfi aðila. Fyrst ber að nefna þörf á rými fyrir almennt félagsstarf svo sem skrifstofuvinnu og/eða fundarhaldi. Oft á tíðum er um að ræða vannýtt rými sem hægt væri að samnýta og þar með ná hámarksnýtingu á slíku rými og aðstöðu án mikilla vandkvæða. Móttaka, veitinga-, salernis- og búningaáðstaða er dæmi um annað rými þar sem sameining getur sparað umtalsvert fé á móti því ef slík aðstaða væri á mörgum stöðum. Einnig myndi það bjóða uppá aukin gæði þjónustunnar sem oft á tíðum er bágborin, eða ekki fyrir hendi nú þegar hjá mörgum þessara félaga. Í þriðja lagi næst umtalsverður sparnaður með sameiginlegum rekstrarkostnaði við hita,

rafmagn, öryggisprófanir, tryggingar og almennt viðhald. Í fjórða lagi er aðkallandi þörf á sameiginlegri aðstaða til æfinga fyrir loftfimleika og stökk. En í mörgum jaðaríþróttum eru framkvæmd stökk sem krefjast talsverðrar æfingar og sérhæfs aðbúnaðar til að auðvelda framkvæmd þeirra og til að forðast meiðsli. Skíða- og snjóþrettaiðkendur sjá töluverða möguleika í að geta samnýtt slík aðstöðu allt árið um kring.



Hvað varðar skiptingu æfingatíma milli félaga að þá væri hægt að sjá fyrir sér svipað fyrirkomulag og í öðrum íþróttamannvirkjum þar sem mörg félög samnýta aðstöðu. Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur mikla reynslu af því að úthluta tímum til félaga eftir þeim reglum og viðmiðunum sem til staðar eru. Það væri hægt að styðjast við sömu og/eða svipaða aðferðafræði gagnvart jaðaríþróttamiðstöðinni. Það myndi einnig tryggja, og styðja við markmið um öruggt aðgengi að íþróttaaðstöðu þar sem algild hönnun væri að leiðarljósi.

Staðsetning sameiginlegrar íþróttaaðstöðu þarf að vera miðlæg þar sem greitt aðgengi er, nálægð við samgönguteningar og almenningssamgöngur. Með sameiginlegri íþróttaaðstöðu munu jaðaríþróttir fá veglegri og sérhæfðari aðstöðu en þau búa við í dag. Þá mætti einnig hugsa sér að ýmis tómstundastarfsemi gætt átt athvarf í jaðaríþróttamiðstöð enda væri hægt að búa til mjög áhugaverðar tengingar við aðra starfsemi miðstöðvarinnar og út fyrir vegg hennar eins og með tengingu við ýmskonar útivist.

Mikið af börnum sem stunda jaðaríþróttir eru ekki að finna sig í öðrum íþróttum eins og fótbolta og handbolta. Áhugavert væri að skoða fyrirkomulag þar sem krakkarnir gætu mætt í miðstöðina og æft þá íþrótt sem þau langar til þann daginn. Þannig gæt þau æft hjólríðar, klifur, bogfimi og parkour samtímis yfir veturinn eða að 1x í viku væri opið á milli hópa þannig að krakkarnir gætu prófað nýjar íþróttir. Með þessu móti væri mögulega hægt að fá krakkana oftar í húsið, við hélið áhuga þeirra lengur og líklega fleiri börn sem myndu sækja miðstöðina. Án efa kveikir þetta meiri áhuga hjá þeim og í stað þess að brottfall verði þá skipta þau frekar yfir í aðrar íþróttir innan miðstöðvarinnar.

Klifurfélag Reykjavíkur

Íþróttagrein: Klifur

Fjöldi iðkenda yngri en 18 ára: 455

Fjöldi iðkenda 18 ára og eldri: 899

Staða nú:





Félagið rekur Klifurhúsið í Ármúla. Leigusamningur rennur út árið 2023. Húsnæði Klifurfélagsins er 800 m² þar af 550 m² sem telst til æfingaraðstöðu. Rýmið skiptist í búningsaðstöðu með sturtum, móttöku, lyftingaraðstöðu, upphitunarsal, félags- og fundaraðstöðu, geymslu og ásamt æfingasal bæði fyrir línuklifur og grjótglímu. Takmörkuð aðstaða er fyrir línuklifur þar sem lofthæð er einungis 7,5m.

Núverandi aðstaða er sprungin enda þátttaka aukist gríðarlega.

Þörf:

Félagið þarf stærra og hentugra húsnæði. Þarfagreining gerir ráð fyrir a.m.k. 2.500 fm æfingaaðstöðu, með amk 15m háum leiðsluveggjum til að standast reglur um keppnir í Evrópu, grjótglímuaðstöðu og hraðaklifur keppnisvegg. Keppt er á öllum þremur greinum klifurs á Ólympíuleikunum. Sérstakt svæði þarf fyrir yngri iðkendur, sem hægt er að hólfa betur af, sem og bætta upphitunar og þrekaðstöðu.



Hjólabrettafélag Reykjavíkur

Íþróttagrein: Hjólabretti

Fjöldi iðkenda yngri en 18 ára: 840


Fjöldi iðkenda 18 ára og eldri: 680

Staða nú:

Félagið er „á götunni“ og vantar að komast í framtíðaraðstöðu með sína starfsemi.

Þörf:

Félagið þarf aðstöðu innandyrna, brettagarð sem gerir félaginu kleift að halda úti æfingum fyrir sína iðkendur



Íþróttafélagið Jaðar

Íþróttagreinar: Hjólabretti, línuskautar, hlaupahjól, BMX hjól, parkour.

Fjöldi iðkenda yngri en 18 ára: 200

Fjöldi iðkenda eldri en 18 ára: 40

Staða nú:

Félagið hefur aðstöðu í Dugguvogi en það húsnæði er á tímabundnum leigusamningi vegna fyrirhugaðs niðurrifs.



Þörf:

Félagið þarf aðstöðu innandyra, brettagarð og brautir sem gerir félaginu kleift að halda úti æfingum fyrir sína iðkendur.



Hjólreiðafélag Reykjavíkur

Íþróttagrein: Fjallahjól.

Fjöldi iðkenda yngri en 18 ára: 150

Fjöldi iðkenda eldri en 18 ára: 118

Staða nú:

Ekki er til staðar aðstaða fyrir fjallahjól innandyra í borginni né annars staðar á landinu.



Þörf:

Félagið þarf aðstöðu fyrir fjallahjólreiðar innanhúss sem myndi gera því kleift að halda úti æfingum allan ársins hring og auka mjög nýliðun í íþróttinni. Yfir sumartímann eru um 150 börn sem æfa hjá félaginu. Aðeins þau hörðustu halda út að æfa yfir kaldasta tímabil ársins. Einnig þurfa þau að eiga meiri búnað til þess eins og öflug ljós bæði á hjól og hjálm, nagladekk og fleira.

Hjólreiðafélag Reykjavíkur er eina hjólreiðafélagið á höfuðborgarsvæðinu sem heldur úti æfingum fyrir börn allt árið. Með uppbyggingu svona svæðis er mögulegt að fleiri félög í borginni leggi út í að byggja upp barnastarf.



Aðrar íþróttagreinar og tómstundastarfsemi

Nokkur félög og íþróttagreinar eða tómstundastarfsemi sem nýtt gætu aðstöðu í jaðariþróttamiðstöð eru í aðstöðu nú en vildu hafa betri og hugsanlega sérhæfðari aðstöðu en þau hafa í dag.

Parkour er stundað hjá fimleikafélögunum í dag í aðstöðu sem er hugsuð fyrir fimleika en ekki parkour. Auk þess fer parkouriðkun ekki vel með fimleikataekin. Félögin hafa nefnt að kostur væri að hafa á einum stað sérhæfða aðstöðu fyrir íþróttina.

Bogfimifélagið Freyja hefur aðstöðu í Bogfimisetrinu en einhversstaðar hefur verið nefnt að það húsnæði kunni að víkja fyrir framtíðarskipulagi í Vogabyggð. Það væri auk þess gott fyrir félagið að hafa eigin aðstöðu og geta skotið af lengra færi en er mögulegt í dag.


Hjólaskautafélagið sem leggur stund á roller derby er búið að fá vilyrði fyrir bráðabirgðaaðstöðu á Þórðarhöfða en félagið hefur verið á hrakhólum undanfarin ár.

Keilufélögin í Reykjavík hafa verið með aðstöðu í Keiluhöllinni. Þar er skortur á æfingatímum auk þess sem æfingar eru á sama tíma og opið er fyrir almenning í keilu sem fer ekki alltaf vel saman.

Í minni söllum væri hægt að bjóða upp á danstíma eins og t.d. fyrir street dans og hiphop sem hafa verið að leita að fastri aðstöðu.

Þá mætti einnig hugsa sér að ýmis tómstundastarfsemi gætt átt athvarf í jaðariþróttamiðstöð enda væri hægt að búa til mjög áhugaverðar tengingar við aðra starfsemi miðstöðvarinnar.





Valkostir

Í skoðun hafa verið húsakynni á ýmsum stöðum og einnig rætt um að byggja nýtt mannvirki. Þrír kostir varðandi jaðaríþróttamiðstöð hafa verið nefndir til sögunnar að undanfögnu og er þeim líst stuttlega hér að neðan. Fjórði kosturinn er svo að hver og einn aðili sé útaf fyrir sig eða í samstarfi við færri greinar víðsvegar um borgina.

Kassagerðin

Eigendur húsnæðis við Köllunarklettsveg 1 sem áður hýsti Kassagerð Reykjavíkur hafa boðið húsnæðið til leigu undir miðstöð fyrir jaðaríþróttir. Þar er um að ræða mjög spennandi húsnæði þar sem eigendur eru tilbúnir að setja talsverða fjármuni í að gera á því þær lagfæringar og breytingar sem þarf til að það uppfylli kröfur. Um er að ræða gamlar lagerbyggingar og mögulega mætti einnig nýta samliggjandi skrifstofubyggingu.

Dæmi um sambærileg verkefni í nágrannalöndum okkar sem komið hafa vel út eru Game Street Mekka í Kaupmannahöfn og Skur 13 í Osló. Húsnæðið er aðeins í um hálfs kílómetra fjarlægð frá Laugardalslaug.

Í þessari hugmynd er verið að koma mjög mörgum aðilum og greinum saman á einn stað sem gerir mögulegt að nýta sameiginlega aðstöðu á mjög hagkvæman hátt

Gufunes

Hugmynd sem hefur verið varpað fram til að leysa aðstöðumál jaðaríþróttar er að byggja nýtt húsnæði á Gufunesi í tengslum við útvistarsvæði. Þar væri boðið upp á fjölbreytta menningar- og tómstundastarfsemi inni og úti. Þessi tillaga eins og hún er sett fram gerir þó ekki ráð fyrir að sameina eins margar greinar undir sama hatti og gert er í tillögunni um Kassagerðina en mögulega er hægt að útvíkka hana og koma fyrir fleiri greinum.

Toppstöðin

Til skoðunar hefur verið að nýta Toppstöðina í Elliðaárdal fyrir jaðaríþróttir. Þar væri jafnframt hægt að tengja aðstöðuna við útvistarparadísina sem er þar í næsta nágrenni. Ekki er hægt að koma fyrir eins mörgum aðilum/greinum eins og í Kassagerðinni en þó er möguleiki á viðbyggingu sem gæti leyst eitthvað af þeim þörfum.

Fylgiskjöl

Hugmynd að nýtingu Kassagerðarinnar við Köllunarklettsveg.

Kynning á aðstöðu í Gufunesi.

Hugmynd að nýtingu á Toppstöðinni.



KLIFURHÚSIÐ

Erindi

Dagsetning: 09.08.2022

Höfundur: Klifurfélag Reykjavíkur

Viðtakandi: Menningar-, íþróttar-, og tómstundaráð

Efni: Húsnæðisvandi Klifurfélags Reykjavíkur

Í ljósi nýjustu vendinga og óvissu um framtíðaráætlanir varðandi miðstöð fyrir jaðariþróttir í Toppstöðinni í Elliðaárdal viljum við ítreka og koma á framfæri áhyggjum Klifurfélags Reykjavíkur varðandi húsnæðismál félagsins. Fyrirhugaðar tafir og seinagangur kalla á úrlausnir og aðgerðir til að taka á framtíðaróvissu með núverandi aðstöðu. Núverandi húsnæði félagsins í Ármúla 23 er löngu sprungið og í því getur félagið ekki lengur sinnt grunnþörfum iðkenda með fullnægjandi hætti.

Núverandi leigusamningurinn fyrir Ármúla 23 rennur út í mars 2023, eða eftir rúma 7 mánuði. Eins og kom fram í erindi félagsins til ráðs ÍTR í janúar síðastliðnum hefur félagið fengið vilyrði frá húseigendum fyrir framlengingu að hámarki 12-18 mánaða gegn hærri húsaleigu. Erindi þess efnis hefur legið á borði ÍTR síðan í febrúar og mikilvægt að við klárum það mál sem fyrst svo hægt trygga veru okkar áfram þar næstu mánuði- og vonandi þar til framtíðarhúsnæði finnst. Að öllu óbreyttu þurfum við að loka starfsemi okkar í lok árs til að tæma húsnæði ef ekki er gengið til samninga sem fyrst.

Félagið leggur því til að þar til að áætlanir um framtíðarhúsnæði eru komnar á hreint að stefnt sé að því að halda áfram starfsemi í Ármúla 21 og semja við núverandi eigendur um framlengingu á leigusamning. Í þessu samhengi leggur félagið sérstaka áherslu á að Toppstöðin myndi fullnægja fjölbreyttum þörfum framtíðarhúsnæðis félagsins er varðar lofthæð og fermetrafjöldi ásamt ákjósanlegri staðsetningu miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu. Félagið er eina klifurfélag Reykjavíkur og iðkendur þess koma úr öllum hverfum borgarinnar.

Ef áætlanir um jaðarmiðstöð í Toppstöðinni í Elliðaárdal verða að veruleika er líklegt að flutningur á starfseminni geti átt sé stað í fyrsta lagi 2026-27. Í ljósi þess að húsnæðisvandi félagsins er brýnn og aðstaðan sprungin leitar það lausna til að geta haldið úti starfsemi næstu 3-5 árin. Sú lausn felur í sér að leigja annan sal og opna útibú fyrir félagið svo hægt sé að dreifa álagi á stundatöflu. Í húsnæðinu við hliðina á núverandi aðstöðu er laus til leigu 527fm lagerpláss þar sem hægt væri að smíða klifursal og höfum við verið að kanna þann möguleika á stækkun undanfarið. Fyrstu tölur hljóma upp á 2200 kr. p m2 og myndi sú leiga þá bætast við núverandi leigu. Við leggjum áherslu á að slíkar skammtímalausnir eru ekki fýsilegar til lengri tíma lítið þar sem kostnaður við smíði klifurveggja, kaup á dýnum og flutningi er mikill.

Félagið stefnir því á að sækja um hækkun á rekstrarstyrk vegna leigu á núverandi húsnæði og vegna viðbótarhúsnæðis ásamt hækkunar á þjónustustyrk félagsins sem er í dag 3,3 millj. á ári. Síðustu ár hefur félagið verið að safna fyrir flutningum og á því sjóð sem getur kostað hluta af framkvæmdum við að stækka við sig en myndi einnig sækja um styrk fyrir framkvæmdunum úr borgar- og verkefnasjóð. Að smíða klifurveggi og útbúa aðstöðu fyrir íþróttina er kostnaðarsamt og því leggjum við áherslu á mikilvægi þess að vinna langtímalausn á húsnæðisvanda félagsins.

Virðingarfyllst,

Starfsmenn Klifurfélags Reykjavíkur



KLIFURHÚSIÐ

Erindi

Dagsetning: 01.09.2023

Höfundur: Klifurfélag Reykjavíkur

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt-, og tómstundaráð

Efni: Húsnæðisvandi Klifurfélags Reykjavíkur

Haustið 2022 sendi Klifurfélag Reykjavíkur tvö erindi á Menningar-, íþrótt-, og tómstundaráð vegna húsnæðisvanda og aukins rekstrarkostnaðar félagsins en ekkert svar hefur enn borist. Félagið hefur ráðist í þó nokkrar breytingar síðan fyrsta erindið var sent. Fyrst ber að nefna að félagið lauk við endurnýjun á leigusamning við eigendur að aðstöðu félagsins í Ármúla 23 sem fól í sér verulega hækkun, eða sem nemur rúmlega 600.000 kr. á mánuði, á þeim leigugjöldum sem félagið hafði notið í 10 ár. Mánaðarleiga fyrir Ármúla 23 hljómar nú uppá 1.776.365 kr. á mánuði og er vísitölutengd. Með endurnýjun á samningum tryggði félagið sér áframhaldandi aðstöðu og tryggði starfsemi næstu 5 árin. Því til viðbótar stækkaði félagið æfingaraðstöðu sína með leigu á húsnæði við hliðiná núverandi aðstöðu, í Ármúla 21, og er leigukostnaður þar 1.730.489 kr. á mánuði.

Þessi tvö skref voru nauðsynleg til að bæði tryggja áframhaldandi starfsemi félagsins í Ármúla 23 og mæta þeim mikla vexti sem íþróttin hefur verið í undanfarin ár. Húsnæðið í Ármúla 23 var löngu sprungið og félagið gat ekki lengur sinnt grunnþörfum iðkenda með fullnægjandi hætti en með tilkomu viðbótarrymis í Ármúla 21 er hægt að dreifa álaginu betur og starfsemi félagsins hefur nú þegar tekið mjög jákvæðum breytingum. Félagið hefur alfarið staðið sjálft undir þeim kostnaði sem fólst í framkvæmdum og stækkun aðstöðunnar undanfarið ár.

Rekstrar- og þjónustustyrkur félagsins hefur verið óbreyttur síðan 2011 og ekki hækkað í takt við verðlag. Stjórn og starfsmenn klifurfélagsins óska því eftir að mánaðarlegur rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar til félagsins hækki um það sem nemur framangreindri hækkun á leiguverði félagsins, eða sem nemur í kringum 2.430.000 kr. og að þjónustustyrkur að upphæð 3,3 milljónir á ári verði endurmetin í samræmi við launavísitölu og verðlagsþróun.

Einnig viljum við nýta tækifærið og inna eftir svörum frá ÍTR um hverjar framtíðarhorfur félagsins eru vegna áætlana um stækkun á húsnæði og flutning á starfsemi félagsins í Toppstöðina í Elliðaárdal. Eins og staðan er í dag er viðtæk starfsemi í húsnæði félagsins með 210 börn á almennum æfingum, 45 afreksíþróttamenn og yfir 1600 iðkendur í heildina. Mikilvægt er fyrir sérgreinafélag, líkt og Klifurfélag Reykjavíkur, að geta fundið varanlegt húsnæði fyrir starfsemi félagsins til lengri tíma.

Virðingarfyllst,

Stjórn og starfsmenn Klifurfélags Reykjavíkur

Erindi

Dagsetning: 03.09.2024

Höfundur: Klifurfélag Reykjavíkur

Viðtakandi: Eiríkur Björn Björgvinsson, Sviðsstjóri Menningar-, íþróttasviðs Reykjavíkurborgar



Efni: Húsnæðisvandi Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurfélag Reykjavíkur (KFR) hefur ítrekað sent erindi á Menningar- og íþróttasvið vegna húsnæðisvanda og aukins rekstrarkostnaðar félagsins en því miður hefur ekkert svar enn borist. Félagið hefur ráðist í þó nokkrar breytingar síðan fyrsta erindið var sent. Fyrst ber að nefna að félagið lauk árið 2022 við endurnýjun á leigusamning við eigendur að aðstöðu félagsins í Ármúla 23 sem fól í sér verulega hækkun, sem núna er orðin um 1.000.000 kr, á þeim leigugjöldum sem félagið hafði notið í 10 ár. Mánaðarleiga fyrir Ármúla 23 er nú um 1.950.000 kr. á mánuði og er vísitölutengd. Með þessari endurnýjun á samningum tryggði félagið starfsemina næstu 5 árin, en nú eru einungis 3 ár eftirstandandi af þeim leigutíma. Því til viðbótar stækkaði félagið æfingaraðstöðu sína með leigu og uppbyggingu á húsnæði við hliðina, í Ármúla 21, og var síðasta vísitölutengda leigugreiðsla þar komin í 2.026.531 kr.

Þessi tvö skref voru nauðsynleg því húsnæðið í Ármúla 23 var löngu sprungið og félagið gat ekki lengur sinnt grunnþörfum iðkenda með fullnægjandi hætti. Starfsemi félagsins í tveimur aðskildum húsum er þó langt frá því að vera ákjósanleg. Félagið hefur alfarið staðið sjálft undir þeim kostnaði sem fólst í þessum framkvæmdum og stækkun aðstöðunnar og sendum við því aftur þetta erindi þar sem við ítrekum og biðlum til ykkar að styrkja stöðir klifurs á Íslandi.

Rekstrar- og þjónustustyrkur félagsins hefur verið óbreyttur síðan 2011 og ekki hækkað í takt við verðlag og biðjum um að þetta verði tekið fyrir við næstu fjárhagsáætlunargerð. Öll starfsemi félagsins hefur aukist talsvert sem hefur þýtt fleiri þjálfarar, meira utanumhald og aukinn launakostnaður. Stjórn og starfsmenn KFR óska því eftir að mánaðarlegur rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar til félagsins hækki um það sem nemur framangreindri hækkun á leiguverði félagsins, eða sem nemur í kringum 3.000.000 kr. og að þjónustustyrkur að upphæð 3,3 milljónir á ári verði endurmetin í samræmi við launavísitölu og verðlagsþróun.

Einnig viljum við nýta tækifærið og inna eftir svörum frá ÍTR um hverjar framtíðarhorfur félagsins eru vegna áætlana um stækkun á húsnæði og flutning á starfsemi félagsins í Toppstöðina í Elliðaárdal. Eins og staðan er í dag er viðtæk starfsemi í húsnæði félagsins með um 600 börn og ungmenni, þar af um 40 afreksíþróttamenn og yfir 1600 iðkendur í heildina. Það má líka koma fram að iðkendur KFR eru af öllum kynjum og eru allar æfingar okkar kynlausar og öll fá sömu þjálfun og umönnun. Mikilvægt er fyrir sérgreinafélag, líkt og Klifurfélag Reykjavíkur, að geta fundið varanlegt húsnæði fyrir starfsemi félagsins til lengri tíma. Við erum tilbúin veita nánari upplýsingar og svara spurningum sem vakna og óskum eftir fundi vegna þessara mála sem fyrst.

Virðingarfyllt,

Stjórn, starfsmenn Klifurfélags Reykjavíkur og Framkvæmdastjóri

Menningar- og íþróttaráð Reykjavíkur
b.t. Skúla Helgasonar, formanns,
Ráðhúsi Reykjavíkur,
Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 16. september 2025.

Klifurfélag Reykjavíkur (KFR) hefur á undanförunum fimm árum sent árlega erindi til Reykjavíkurborgar vegna húsnæðisvanda félagsins. Ekki hefur enn borist formlegt svar við þeim erindum og enn er ekki í hendi lausn á húsnæðisvanda félagsins.

KFR er sérgreinafélag, sem hefur byggt upp öflugt íþróttastarf í þágu borgarbúa og þarfnast nú varanlegrar lausnar í húsnæðismálum. Nú er svo komið að í algjört óefni stefnir í rekstri félagsins, ef ekki finnst ásættanleg og viðvarandi niðurstaða í húsnæðismál félagsins. Í ljósi mikils iðkendafjölda og þá ekki síst öflugs barna- og unglingastarfs er framtíð klifurfélagsins og íþróttaiðkun félagsmanna í verulegri óvissu.

Árið 2022 endurnýjaði KFR leigusamning fyrir aðstöðu félagsins í Ármúla 23. Því fylgdi veruleg hækkun á leigugjöldum, sem nú nema um 1.950.000 kr. á mánuði. Auk þess greiðir félagið fyrir viðbótaraðstöðu í Ármúla 21 og Miðgarði í Garðabæ í framhaldi af mikilli fjölgun iðkenda, og er heildarhúsaleiga félagsins nú um 4.200.000 kr. á mánuði. Þrátt fyrir þetta háa leigugjald hefur félagið haldið úti öflugum starfi og fjármagnað alfarið sjálft allar framkvæmdir og stækkun aðstöðu.

Nú eru einungis tvö ár eftir af leigusamningi félagsins í Ármúla 23. Eigandi húsnæðisins hefur þegar staðfest að hann muni ekki endurnýja og framlengja þann samning. Félagið stendur því frammi fyrir því að óbreyttu að verða húsnæðislaust að nýju, líkt og árið 2010, áður en núverandi húsnæði fékkst. Húsnæði félagsins er löngu sprungið, og er núverandi viðbótarrymi aðeins tímabundin lausn á brýnum vanda.

Á sama tíma hefur starfsemi félagsins margfaldast:

- Rúmlega **800 börn og ungmenni (3-18 ára)** sækja reglubundnar æfingar, þar af um **80 í afreksíþróttum**, að viðbættum tæplega **500 börnum** á sumarnámskeiðum félagsins.
- Heildarfjöldi iðkenda er yfir **2.450 manns** árið 2024.
- Allar æfingar félagsins eru ókynbundnar, þ.e. iðkendur af öllum kynjum fá sömu þjálfun og tækifæri.

Rétt er að taka fram og ítreka að rekstrar- og þjónustustyrkur Reykjavíkurborgar til félagsins hefur lítið breyst frá árinu 2011, þrátt fyrir mikla aukningu í starfsemi, sem haft hefur í för með sér meiri launakostnað, fleiri þjálfara og aukið utanumhald. Félagið hefur þegar farið fram á að þetta verði tekið sérstaklega til skoðunar við vinnu að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næstu ár, þannig að árlegt framlag verði hækkað í samræmi við fjölgun iðkenda og verðlagsbreytingar.

Með bréfi þessu óskar stjórn Klifurfélags Reykjavíkur eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við félagið með styrk til að mæta leigukostnaði í nýju og stærra húsnæði, þegar núverandi samningur rennur út. Félagið hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn Toppstöðvarinnar ehf. um mögulega aðstöðu í Toppstöðinni í Elliðaárdal, sem henta mun starfsemi félagsins afar vel. Forsendur þess að samningar geti tekist um þá aðstöðu liggja í því að Reykjavíkurborg tryggi félaginu með skriflegu svari fjárhagslegan stuðning til þess að standa undir umsemjanlegum leigukostnaði. Með bréfi þessu óskum við eindregið eftir fundi með Menningar- og íþróttaráði Reykjavíkur sem allra fyrst til þess að ræða stöðu og framtíð klifurfélagsins, sem nú stendur á krefjandi tímamótum.


Virðingarfyllst og með von um skjót svör,

Fh. Klifurfélags Reykjavíkur


Benjamin Mokry,
framkvæmdastjóri

Samrit sent: Menningar- og íþróttaráð Reykjavíkur,
Steinþór Einarsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Fylgiskjal: Klifurfélag Reykjavíkur: Framtíðarsýn - Forgangsroðunarskýrsla, dags. 2025.



KLIFURFÉLAG
REYKJAVÍKUR

FORGANGSRÖÐUNAR
SKYRSLA

2025

NÚVERANDI AÐSTAÐA

AÐSTÆÐUR Í DAG

- Klifurfélagið opnaði nýja æfingaaðstaða í Ármúla 21 árið 2023 vegna mikillar óáængju með lítið pláss og þrengsla í Ármúla 23. Allir æfingahópar, afrekshópar og almenningur æfðu í sama salnum með of fáa vegg. Klifurfélagið stendur sjálft undir þeim viðbætta kostnaði sem þetta hafði í för með sér.
- Í Miðgarði í Garðabæ var settur upp línuklifurveggur 13m á hæð og leigir Klifurfélag Reykjavíkur aðstöðuna og vegginn og sér um viðhald, grip og uppsetningu leiða þar á eigin kostnað.
- **Mikil ásókn er í klifur á Íslandi, helstu ástæður eru:**
 - Vaxandi vinsældir klifurs á heimsvísu
 - Mikil ásókn sem almennt íþróttaiðkun og líkamsrækt
 - Flottar fyrirmyndir afreksklifrara úti og inni á heimsvísu



HÚSNÆÐIN Í DAG

- **Ármúli 23**
 - Leiga hefur hækkað mikið og leigusalar hafa ítrekað lýst yfir vilja til að binda enda á samning við Klifurfélagið.
 - Veggir eru orðnir lélegir og þarfnast endurnýjunar
 - Klifursalurinn hentar illa fyrir fjölbreytta hópa á sama tíma
- **Ármúli 21**
 - Leiga er há og stendur Klifurfélagið sjálft undir þeim leigugjöldum að fullu.
 - Húsnæðið nýttist aðallega yngstu klifurunum og skipulögðum æfingum ungmenna.
- **Miðgarður**
 - Er í talsverðri fjarlægð og úr alfaraleið okkar iðkenda.
 - Veggurinn er staðsettur á hliðarlínu knattspyrnuvallar.
 - Erum háð skipulagi hússins um tímasetningar á viðburðum.
 - Hefur ýtt undir áhuga og bætt aðstöðu í Íslandi töluvert fyrir línuklifur.

MAT Á NÚVERANDI AÐSTÖÐU

- **BARNASTARF**

- Æfingar eru alla daga vikunnar frá kl 15 til kl 20:30 og á álagstímum kl 17-19 eru mjög margir iðkendur ásamt almenningi að berjast um pláss á veggjunum.
- Yngstu og léttari hóparnir geta æft í fjölskyldusal félagsins í Ármúla 21 og hefur það létt aðeins á álagi og minnkað hættu sem skapast við það að yngri krakkar klifra samhliða fullorðnu fólki.
- Mikil bitaumferð er í Ármúlanum sem skapar hættu fyrir börn á leið í og af æfingum.

- **AFREKSÆFINGAR OG ÆFINGAR UNGLINGA**

- Afreks- og unglindahópar félagsins hafa fengið aðstöðu í Ármúla 21 og nýta hana saman með landsliði Íslands í klifri.
- Lyftinga- og teygjuaðstaða hópanna er í kjallara hússins sem er ekki boðlegur til þessa starfs.
- Hóparnir æfa alla daga bæði í Ármúla 21 og 23 og þurfa á hverri æfingu að hlaupa fram og tilbaka yfir bilastæðin milli húsa.

- **ALMENNIR IÐKENDUR**

- Mikil fjöldgun hefur verið bæði á almennum iðkendum sem mæta reglulega ásamt þeim sem kaupa sig inn í eitt skipti. Þetta þýðir minna pláss í húsinu og mun meira álag og slit á innviðum, veggjum og gripum.



ALMENNT UM AÐSTÖÐUNA

Allir innviðir félagsins hafa verið byggðir upp af sjálfboðaliðum og eru orðnir úr sér gengnir ásamt því að húsnæðið sjálft, sérstaklega í Ármúla 23 orðið mjög lélegt.

Óskað hefur verið eftir varanlegri lausn á æfingaaðstöðu Klifurfélags Reykjavíkur frá 2007. Áætlun var um klifurhús í Gufunesi sem féll í hruninu.

Klifurfélgjó hefur sýnt mikla úrræðasemi í því að finna aukapláss fyrir sína iðkendur með talsverðri kostnaðaraukningu.

Mikilvægt er fyrir framtíð bæði afreksklifrara og hins almenna iðkanda klifurs að fá viðunandi og tryggja æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir íþróttina.

01

TOPPSTÖÐIN

Tillögur að uppbyggingu hafa lengi legið fyrir og eru langt komnar í skipulagningu.

Búið er að taka frá og skipuleggja 2.700 fm pláss fyrir Klifurfélag Reykjavíkur í Toppstöðinni. Sjá rekstraráætlun í viðauka 1

02

PARFAGREINING

Sjá í viðauka 2

Startkostnaður er áætlaður í kringum 140 milljónir fyrir klifuraðstöðuna

Þess má geta að áætlað er að viðhaldskostnaður verði ekki mikill til að byrja með fyrir klifurveggi í Toppstöðinni.

TILLÖGUR AÐ UPPBYGGINGAR VERKEFNUM

Það sem vantar til að klára verkefnið er tryggður fjárstuðningur frá Reykjavíkurborg næstu árin til félagsins.

03

TEIKNINGAR

Sjá tillögur í viðauka 3, en þær voru unnar í samvinnu við arkitekt Toppstöðvarinnar.



FRAMTÍÐAR SYN

- Nóg veggpláss og topp æfingaaðstaða fyrir þá sem vilja stunda klifur sem afreksíþrótt, sem áhugamál og leið til betri heilsu.
- Góð aðstaða fyrir fjölskyldur að koma og hreyfa sig saman
- Pláss og skipulagðar æfingar fyrir börn frá allt að 3ja ára og fyrir fullorðna
- Haldið var málþing um framtíðarsýn Klifurhússins og má sjá þau atriði sem nefnd voru þar í viðauka 3.
 - Ekki er gert ráð fyrir því að hægt sé að verða við öllum óskum og framkvæma allar hugmyndir en málþingið gaf góða sýn á það hvernig okkar iðkendur sem og foreldrar okkar iðkenda sjá fyrir sér framtíð Klifurhússins í Toppstöðinni.



KJUFURFÉLAG REYKJAVÍKUR

FORGANGSRÖÐUNAR
SKYRSLA

2025

VIÐAUKI 1

Áætlun KFR fyrir nýtt húsnæði í Toppstöðinni

ÁÆTLUN KLIFURÉLAGS REYKJAVÍKUR FYRIR NÝTT HÚSNÆÐI Í TOPPSTÓÐINNI

Inni í þessum tölum er ekki upphafskostnaður við flutning í Toppstöðina

Tekjur 2024		Tekjur Toppstöðin	
Samtals tekjur	190,4 millj.	Armúli	343,5 millj. 75% ↑
Seldar vörur	17 millj.	24,5 millj.	45 millj.
Æfingagj. börn	52,4 millj.	77,8 millj.	20 millj.
Æfingagj. fullorðnir	87,9 millj.	135,25 millj.	91,25 millj.
Styrkir	28,5 millj.	100 millj.	35 millj.
Annað	4,5 millj.	6 millj.	100 millj.

Félagið þarf að lágmarki 100 M í styrk fyrstu árin þar sem það mun taka tíma eftir flutningana að auka iðkenda fjölda bæði barna og fullorðinna.

Hvernig ætlum við að sækja þessar auka tekjur



- ☐ Fjölgun iðkenda barna og unglinga
 - Ingildingarverkefni í samstarfi við grunnskólana
 - Viðkomustaður rútuferða frá frístundaheimilum í nágrenninu. Með fleiri æfingasölum getum við boðið upp á fleiri hópa á göðum æfingatímum. Kynning á klifur sem íþrótt. Grunnskólamót og sýnileiki á miðlum og í sjónvarpi.
 - Aðvælt aðgengi, nálgæð við mörg hverfi.
- ☐ Fjölgun iðkenda fullorðinna
 - Auglýsinga og kynningastarf
 - Linuklúfarðstada dregur að eldri iðkendur (40+) Bætir lýðheilsu eldri almennings sem og ungs fólks.
 - Fjölgun námskeiða af ýmsum toga
- ☐ Annað
 - Fundarsalur til útleigu
 - Tvöföldun á afmælistímum – sér salur fyrir það
 - Aukning á einsskiptis heimsóknum – kynningar til fjölskyldna og ferðamanna

Rekstrargjöld

- ☐ Hækkun húsaleigu – meira pláss, betri aðstæða
- ☐ Hækkun launa, fjölgun stöðuglida vegna fjölgunar hopa
- ☐ Hækkun gripa og áhalda, meiri endurnýjun vegna stærra svæðis

- ☐ Fjölgun barna á æfingum 3-18 ára um 150 pláss
 - Ætlum ekki að hækka æfingagjöld að ráði.
- ☐ Fjölgun ýmissa áskrifta um rúm 50%
- ☐ 25% aukning á 10 skipta kortum
- ☐ Fjölgun eins skiptis heimsókna um 20%

brúun einsskiptis heimsókna



Gjöld 2024		Gjöld Toppstöðin	
Samtals gjöld	184,4 millj.	Armúli	341,8 millj. 85% ↑
Vörðunarkun	10 millj.	16,6 millj.	114,5 millj.
Laun og tengd gj.	79,6 millj.	122,8 millj.	55 millj.
Annar rekstr.kostn.	96 millj.	201,4 millj.	120 millj.
Vaxtagjöld	-1,2 millj.	1 millj.	27,7 millj.

VIÐAUKI 2

Þarfagreining KFR fyrir Toppstöðina

- Notendur
- Æfingar - Fullorðnir
- Æfingar - Barna og unglingsstarf
- Afþreksstarf ungmenna
- Afþreksstarf fullorðinna
- Sjálftæðir iðkendur, nýliðar (V1-V4)
- Sjálftæðir iðkendur (V3-V8)
- Byrjendur (V0-V2)
- Barnafjölskyldur (afþreying)
- Afmælis- og skólahópar (börn og unglingar)
- Námskeið (Byrjendur)
- Námskeið (linuklúfur)

Rými	Lýsing	Tengd rými	Framleiðendur	Stærð (m²)
Krakkaveggur 2-5 ára (nýtist líka fyrir afmælishópa, fjölskyldutíma)				50
Afmælsklífursalur		Krakkaveggir 2-5 ára og Hreyfifjálfunarrými		200
Hreyfifjálfunarrými				100
Veggir f. 5-8 ára (nýtist líka fyrir skólahópa, ath. ekki afmæli)				100
Veggir f. 7-10 ára				150
Veggir f. 11-13 ára				150
Veggir f. 13-17 ára				150
Teyglu- og upphitunaraðstaða				80
Salur 1 (stærri fundir, æfingarhópar)				100
Salur 2 (jóga, æfingahópar)				60
Salur 3 (afmæli)				50
Geymsla fyrir sali				15
Æfingaraðstaða				200
Æfingaveggir (fullorðnir)			Walltopia.com	50
Sérhæfð æfingaraðstaða				150
Lyftingaraðstaða				200
Keppnisveggir, boulder				500
Almenningssklífursalur boulder (V0-V8)			Walltopia.com	200
Línuveggir 10-13m (hugsaðir fyrir ofanvað)				150
Línuklífurveggir 7-9m (hugsaðir fyrir ofanvað)				100
Línuklífurveggir 13-15m (hugsaðir útfra keppnum)				80
Gripageymsla			climbiab.com	10
Gripabvottaherbergi				10
Ræstikompa				15
Skrifstofa				40
Búð				15
Afgreiðsla				60
Setuaðstaða				20
Lager				
Hönnun á loftræstikerfi			climbiab.com	
Samtals				3005

Tillaga að teikningum KFR í
Toppstöðinni

Kaiserlingweg 1 Buchen
200 m.2

[illegible]

TOPPSTÖÐIN
Grunnmynd - 1. hæð
1:200

2